

Hvetjum til tals

Hvað skal gera og ekki gera



Fyrirmynd

Þegar þú talar við barnið ertu að sýna því hvernig á að eiga samskipti.



Bæta við

Bættu orðum við það sem barnið þitt segir. Ef það segir "bíll" getur þú sagt "keyra bíl", "blár bíll", "stór bíll".



Biða

Gefðu barninu tækifæri til að fylla inn í þagnir. Það er allt í lagi ef þau gera það ekki, en þau gætu gert það!



Endurtaka

Þegar þú endurtekur það sem barnið segir staðfestir þú að þú skiljir barnið. "Já viltu mjólk? Ég set mjólk í glasið þitt." "Já þetta er stór fugl."



Bregðast við

Þú þarft ALLTAF að bregðast við tilraun barnsins til samskipta. Þannig byggir þú grunn fyrir samtöl.



Biðja um að nefna

EKKI spyrja endurtekið "hvað er þetta?", sérstaklega þegar þú veist að barnið veit svarið.



Segja "segðu"

Ef þú vilt fá fram orð, segðu þá orðið og biðu með eftirvæntingu. Ef barnið segir það ekki þá er það í lagi. En forðist að segja "segðu hundur".



Spurningar

Samskipti eru meira en bara spurning-svar (eða já-nei svör). Mundu að gera athugasemdir og segja staðhæfingar líka.



Þrýstingur

Fyrir sum börn er erfitt að tala. EKKI gera það erfiðara með því að þrýsta á þau að tala. Við viljum að börn VILJI tala.



Pirringur

Það er auðvelt að verða pirraður þegar barnið er á eftir jafnöldrum. Það er allt í lagi en EKKI láta barnið sjá það. Við viljum að samskipti séu skemmtileg og gefandi.